

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um starfslokasamninga hjá Byggðastofnun.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvað þýðir það ákvæði sem vitnað er til í svári ráðherra á þskj. 1001 um starfslokasamning sem gerður var við annan forstjóra Byggðastofnunar, þ.e.: „Í starfslokasamningnum eru einnig ákvæði um ákveðna tilfærslu á lífeyrisréttindum. Um var að ræða að 40% af útreiknuðum eftirlaunaréttindum eftir 65 ára aldur færu í viðurkenndan séreigna-lífeyrissjóð“?
2. Hversu háar greiðslur er hér um að ræða?
3. Hverjar eru forsendurnar fyrir útreikningi á þessum greiðslum og hver voru verðmæti samningsbundinna eftirlauna forstjórans?
4. Voru þær greiddar út í peningum og hvenær eru þær til ráðstöfunar fyrir forstjóran fyrrverandi?
5. Í hvaða lífeyrissjóði er viðkomandi?
6. Samkvæmt hvaða lögum eru slíkar tilfærslur heimilar?
7. Eru fordæmi fyrir slíkum tilfærslum á lífeyrisréttindum og hver eru þau?
8. Hver var kostnaður ríkissjóðs við þetta ákvæði í starfslokasamningnum?
9. Hver var kostnaður ríkissjóðs af starfslokasamningnum í heild og á hvaða fjárlagalið er gert ráð fyrir þeim kostnaði?
10. Hver er heildarkostnaður ríkissjóðs við þá starfslokasamninga sem gerðir hafa verið við forstjóra Byggðastofnunar sem getið er um í svári ráðherra á þskj. 1001?
11. Má gera ráð fyrir frekari útgjöldum ríkissjóðs vegna þessara starfslokasamninga?
12. Var ákvörðun um þessa starfslokasamninga tekin af stjórn Byggðastofnunar, í samráði við hana eða var hún alfarið á ábyrgð iðnaðar- og viðskiptaráðherra?

Skriflegt svar óskast.